

Alþingi, nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2014
R2014110031/12.8.4
G-ums 08/14

Umsögn ríkisskattstjóra vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt - 41. mál, þskj. 41.

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. nóvember 2014 móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem kveði á um 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við endurbyggingu og viðhald kirkna og húsakynna þar sem formlegar athafnir fara fram á vegum þjóðkirkjusafnaða og annarra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og er vísað til bráðabirgðaákvæðis XV sem kveður á um endurgreiðslur vegna vinnu við viðhald og endurbyggingu íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis.

Af framangreindu tilefni vill ríkisskattstjóri koma eftirfarandi á framfæri:

Öll frávík eins og fyrirliggjandi frumvarp ber með sér eru til þess fallin að auka á flækjustig við framkvæmd virðisaukaskatts. Einfaldleiki í skattheimtu er líklegri til skilvirkari skattheimtu og með fleiri undanþágum er líklegra að hætta á mistökum aukist. Flóknari skattframkvæmd gerir einnig allt eftirlit torveldara. Þá vill ríkisskattstjóri benda á að virðisaukaskattskerfið er tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og allar undanþágur frá skattskyldu eru til þess fallnar að rýra þær tekjur sem kerfinu er ætlað að skila.

Þá var hinn 21. febrúar 2014 var stofnaður starfshópur sem hefur yfirumsjón með gagngerri endurskoðun á vörugjalda- og virðisaukaskattskerfunum. Þeim starfshópi er m.a. ætlað að leggja til grundvallar við endurskoðunina að skattstofn virðisaukaskatts verði breikkaður og má leiða líkum að því að í því felist fækkun á undanþágum og endurgreiðslum. Frumvarp það sem hér er til umsagnar gengur þvert á þá stefnu. Að síðustu bendir ríkisskattstjóri á að samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að bráðabirgðaákvæði XV við lög nr. 50/1988 falli úr gildi frá og með 1. janúar 2015.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir